

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 22.03.2017
Tilv. 2017/0282 - 0.3.01
HS

Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á vopnalögum, nr. 16/1998, með síðari breytingum (forefni til sprengiefnagerðar, EES-reglur), 235. mál.

Vísað er til tölvubréfs, dags. 16. mars 2017, þar sem Neytendastofu var sent til umsagnar frumvarp til breytinga á vopnalögum, nr. 16/1998, með síðari breytingum (forefni til sprengiefnagerðar, EES-reglur), 235. mál.

Neytendastofa þakkar tækifærið til að tjá sig um málið og vill vekja athygli á eftirfarandi vegna 4. gr. frumvarpsins, væntanlegri 27. gr. b. vopnalaga nr. 16/1998.


Í nefndri grein segir að sá sem framleiðir, flytur inn, flytur út eða verslar með forefni til sprengiefnagerðar getur áskilið sér rétt til að hafna grunsamlegum viðskiptum. Þá segir í 2. málslíð sömu greinar að skylt sé að „tilkynna um viðskiptin, tilraun til slíkra viðskipta, þar á meðal grunsamlegra fyrirspurna, án óþarfa tafa, þ.m.t., ef mögulegt er, upplýsingar um deili á viðskiptamanninum, til lögreglustjóra, tollstjóra eða annars tengiliðar á landsvísu.“

Neytendastofa telur rétt að nafngreina aðeins einn aðila sem fær það hlutverk að taka við tilkynningum um grunsamleg viðskipti og mikilvægt að það sé bundið í lögum. Væntanlega, miðað við efni frumvarpsins, er eðlilegast að fela þetta hlutverk einvörðungu lögreglustjóra. Aðilar myndi þá leita beint til lögreglustjóra, í sínu umdæmi, með tilkynningar eða leiðbeiningar sem þeir kunna að þurfa í tengslum við framkvæmd laga þessara, ef að lögum verður. Lögreglustjóri gæti síðan sjálfur leitað til annarra stjórnvalda eftir því sem við gæti átt, t.d. tollstjóra, annarra eftirlitsstjórnvalda sem eftirlit hafa með viðskiptalífínu eða annarra stjórnvalda sem kunna að hafa nánari upplýsingar sem nýst geta við rannsókn málsins, í samræmi við atvik hverju sinni.

Neytendastofa telur ekki að svo stöddu ástæðu til frekari athugasemda við frumvarp þetta.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendastofu

Tryggvi Axelsson
Forstjóri


Helga Sigmundsdóttir
lögfræðingur

10.4.2017

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 16. mars 2017 um umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á vopnalögum (þskj. 327, 235. mál á 146. löggjafarþingi).

Frumvarpið varðar ekki reglur um vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd gerir því ekki athugasemdir við efni þess.

F.h. Persónuverndar,



Þórður Sveinsson
Skrifstofustjóri lögfræðisviðs | Head of Legal Department

Persónuvernd | Data Protection Authority

Rauðarárstígur 10, 105 Reykjavík, IS, (+354) 510-9600
www.personuvernd.is



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 7. apríl 2017

Tilvísun: 2017030197

08.02

Alþingi-nefndarsvið
Austurstræti 8-10
101 REYKJAVÍK

Umsögn til Alþingis vegna frumvarps til laga um vopnalög (forefni til sprengiefnagerðar, EES-reglur), 235. mál.


Vísað er til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis til umsagnar vegna frumvarps til laga um vopnalög (forefni til sprengiefnagerðar, EES-reglur), 235. mál.

Embætti ríkislögreglustjóra telur að æskilegt sé að skilgreina hugtakið „heimatilbúin sprengja“ og leggur til eftirfarandi skilgreiningu:

„Heimatilbúin sprengja er hverskonar hlutur sem inniheldur efni eða esnablöndu sem getur sprungið, þ.e. gefi frá sér höggbylgju, hita eða frákast, s.s. sprengjubrot, og/eda kviknað í og hefur ekki verið framleiddur af aðila eða fyrirtæki sem til þess hefur sérstakt leyfi“

Þá leggur embætti ríkislögreglustjóra einnig til að í stað orðsins „ríkislögreglustjóri“ í 3. mgr. 30. gr. vopnalaga komi: „lögreglustjóri“. Hagræðing er talin fylgja því að færa sem flestar leyfisveitingar til lögreglustjóra þar sem þær verða þá nær borgaranum auk þess sem önnur leyfi samkvæmt vopnalögum eru veitt af lögreglustjóra. Í sumum tilvikum hafa leyfisveitingar þegar verið færðar frá ríkislögreglustjóra til lögreglustjóra á grundvelli sérstakra heimildarákvæða í lögum. Sú framkvæmd hefur reynst vel og er lagt til að hún verði jafnframt fest í sessi í því tilviki þegar um vopn sem hafa söfnunargildi er að ræða eða sérstakar ástæður mæla með því eins og kveðið er á um í greininni.

F.h. RLS


Margrét Herdís Jónsdóttir / Jónas Ingi Pétursson